

# Óföngur

Nr. 25

2. tbl. 8. árg. 1987

Verð: 319.00



Í SIGTÚNI  
FJÖRÐUR  
ALPALÖND  
FARFUGLAR  
FALLASTAKKANÖF  
HALLVARÐUR Á HORNI  
KRISTJÁN M. BALDURSSON

# Fallastakkanöf

Nú á síðari árum hefur klettaklifri vaxið ásmegin, hvað vinsældir og ástundun varðar. Má þakka það auknu upplýsingastreymi erlendis frá, tíðari ferðum íslenskra fjallamanna til útlanda og svo komum erlendra fjallgöngumanna til landsins. Hefur Íslenski alpaklúbburinn (ÍSALP) að ýmsu leyti staðið fyrir þeim og félagar hans notið góðs af, t. d. með námskeiðum.


Flestir þeir sem klettaklifur stunda á Íslandi eru félagar í ÍSALP. Hafa þeir margir hverjir sótt þjálfun sína til ýmissa fjallasvæða í Evrópu. Hér á Fróni eru helstu klettaklifur-svæðin í nágrenni Reykjavíkur. Er mest klifrað í Stardal, á Þingvöllum, í Esju, Hvalfirði og Skarðsheiði. Hefur ÍSALP gefið út leiðarvísu um svæðið, mörgum til mikilla þæginda. Klettaklifur er þó víðar stundað, t. d. í nágrenni Akureyrar og umhverfis Hornafjörð.

Á einfaldan hátt má segja að tvær meginástæður séu að baki klettaklifurs. Annars vegar þjálfu menn sig í klettaklifri til að fá nýtilega reynslu fyrir erfiðari fjallgöngur og hins vegar er það stundað sem íþróttagrein. Hérlendis er hvort tveggja stundað, oftast saman, þó minna sem íþrótt, en þar má kenna veðurfari um. Síðustu ár hafa erfiðari og erfiðari klifurleiðir verið farnar á Íslandi og kannski er einfaldast að gera greinarmun á því sem fyrr var og því sem er með því að segja að „fyrrri tíma klifurvandamál“ eins og Þumall eða Hraundrangi í Öxnadal, sem flestir munu kannast við, nái varla að veita undirstöðu fyrir nútíma klettaklifur af erfiðara tagi.

Borgarhafnarfjall í Suðursveit kemur ekki mörgum í hug sem verðugt verkefni til uppgöngu, ekki síst þegar gætt er að því að í grenndinni eru ótal tindar og gnípur, margar hverjar glæsilegar. Þeir eru þó færri sem af því vita að í vesturhlíðum fjallsins, í Fallastakkanöf, er alerfiðasta klettaklifurleið á Íslandi – enn sem komið er.

**Texti: Snævarr Guðmundsson**  
**Myndir: Höfundur og Páll Sveinsson**

Fallastakkanöf er hæsta gnípa Borgarhafnarfjalls en örnefnið, sem vissulega er vel valið er dregið af fallastakk á hval. Nöfina mynda langir, reglulegir og grannir stuðlar, alls um 90 m hátt hamrabil. Myndun gnípunnar virðist ekki allveg ljós. Ýmsir jarðfræðingar telja hana vera bergsyllu, eins konar innskot, þó eru einnig uppi getgát-




Fallastakkanöf í Borgarhafnarfjalli. Leiðin liggur upp þröngu skoruna, neðst fyrir miðri mynd, og þá upp greinileg horn og sprungur, nær beint á hágnípuna. Ljósni. S.C.

ur um afar þykkt hraunlag. En umhverfið er nokkurra milljón ára gamalt.

Í maímánuði 1985 var Fallastakkanöf klifin í fyrsta sinn, en alveg fram að því var hún nær óþekkt í augum íslenskra fjallamanna. Hamræpilið kleif þá einn fræknasti fjallamaður Breta, Doug Scott, sem meðal annars hefur náð hátindi Everest. Í för sinni um Ísland gerði hann víðreist, ásamt fjórum félögum úr ÍSALP. Gengu þeir á Hróttfjallstinda í Öræfajökli eftir nýrri leið, klifu tindinn Rustanöf við Hornafjörð og í lok ferðar var Fallastakkanöf klifin. Orð Scotts um nöfina voru að þar væri einhver fallegasta klettaleið sem hann hefði klifið í Evrópu. Greinarhöfundur var með í förinni upp nöfina, en alls tók það um 6 klst. að klífa hana.

Um síðustu páska voru nokkrir félagar staðráðnir í að halda austur á land, til að reyna að nýju við Fallastakkanöf en þá voru nær tvö ár liðin frá því að hún var klifin. Við vorum þó aðeins tveir á endanum sem héldum af stað, Páll Sveinsson og greinarhöfundur. Ökuferðin austur gekk að vonum, en veðrið hélt aftur af okkur, stanslaus rigning og súld. Eftir 6 daga bið, tvær ökuferðir á Höfn í Hornafirði og 60 skákir vorum við eiginlega búnir að gefa upp alla von um betri tíð. Héldum við því áleiðis heim. Fyrsti viðkomustaður á heimleiðinni var hjá Jakobi Guðlaugsyni að Bólta í Skaftafelli. Eftir að hafa fylgst með veðurspánni þá um kvöldið hófnaði yfir okkur enda lofaði hún góðu, björtu veðri. Var ákveðið að halda austur að nýju, morguninn eftir. Gistum við að Bólta þá um nóttina og um niúleytið daginn eftir vorum við aftur á austurleið. Tveim stundum seinna sátum við undir Fallastakkanöf.

Þegar klifrað er í stuðlabergspili eins og Fallastakkanöf, er sprungum þeim sem myndast á samskeytum stuðlanna fylgt. En yfirborð þeirra sjálfra er of slétt og fellt til að fá eitthvað viðnám. Sú tegund klifurs er á klifurmáli nefnd „jamtækni“ en þá er höndum og fótum stungið inn í sprungurnar og spennt á milli sprunguveggjanna. Stundum fá að-



Snævarr í síðasta áfanganum. „Hún (spönnin) var nokkru léttari en hinar tvær, en all-erfið fyrir þreyttar hendur.“ Ljósm. P.S.

eins fremstu kjúkur fingranna festu, stundum lófi, hnefi eða jafnvel armur, allt eftir því hve sprungurnar eru víðar. Aðferðin er örugg ef viðnám er nægilegt, en oft á tíðum afar erfið og sársaukafull. Er þetta eina notaða aðferðin til að klífa teinréttar og jafn víðar sprungur eins og ein-kenna Fallastakkanöf.

Á sama hátt eru tryggingar, sem koma eiga í veg fyrir langt fall, skorðaðar í sprungunum. eru þær kallaðar hnetur. Í Fallastakkanöf skorðast hnetur aftur á móti ekki, svo nota verður sérstaka tegund hnetutrygginga sem spennast sjálfkrafa út í sprungurnar.

Við vorum með 12 þess háttar hnetur, fyrir utan 20 aðrar af einfaldari gerðum. Þar að auki um 30 karabinur, 2 línur, 40 metra langar, á milli okkar og svo eina grennri, 30 metra langa. Hana notuðum við til að draga upp bakpoka, sem í var geymdur útbúnaður er nota þurfti á efri hluta leiðar og því óþarft að bera á sér hið neðra. Auk þess nesti og myndavélar og úlpu fyrir þann sem bíða þurfti, en aðeins annar klifur í einu og á meðan tryggir hinn að ekki sé óþarfur slaki á línunum sem orsakað gæti þeim mun lengra fall.

Við stöldrum við stutta stund undir hamræpilinu, rétt aðeins til að

hnýta okkur í línurnar, sortéra klifurútbúnað og þess háttar. Það er líka best. Þá gefst enginn tími til óþægilegra hugsana. Næstum þegjandi samkomulag er um það að Páll leiði fyrstu spönnina af þeim þrem sem leiðin telur. Sjálfur sest ég á stein og nýt sólarinnar jafnframt því að tryggja línurnar. Og þegar allt er til reiðu leggur hann af stað.

Fyrstu 20 metrnir, sem fylgja þröngri skoru á milli tveggja stuðla, taka óhemju mikið á allan skrokkin. Hvergi eru syllur eða brúnir, þar sem tylla má fæti til hvíldar og illt er að reyna að hanga í handfestum í hvíldarstöðu því hendur merjast og særast í spennitökum í sprungunni. Það er því afskaplega notalegt að ná upp á litla syllu ofan á stuðli, þó tæplega rúmist þar tíu tær. Þó má ekki staldra þar lengi við, því síðari áfanginn í þessari spönn er ekki síður erfiður, þótt styttri sé. Upp víðari gróf krefst klifrið varfærnislegra hreyfinga, ýtrasta jafnvægis, einbeittrar fótamenntar og enn meira hang á flata lófa í spennitökum.

Þar fyrir ofan er velþegin sylla,

um fet á kant. Þegar Páll er þangað kominn, festir hann sig í megintryggingu og eftir skamma hvíld tekur hann að draga upp bakpokann. Svo legg ég af stað. Fyrir þann sem á eftir kemur er ólíkt öruggara að klifra þótt það sé jafnerfitt. Þá er línan ofan frá og engin hættu á löngu falli. Helst þarf að gæta þess að vera nógu fljótur upp, til að spara orku, því næsta spönn er mitt verk efni.

Eftir að hafa tekið þau tæki sem ég tel mig þurfa, hefst erfiðid að nýju. Sprungan slútir og er víðast hvar gleiðari en hnefinn, svo armurinn fylgir á eftir. Þá liggur efri hluti líkamans svo fast upp að berginu, að fótahreyfingar verða afar erfiðar. Klifrið tekur geysilega á og til að auðvelda það brýtur maður það niður, metra fyrir metra. Það teygist á fjarlægðinni milli okkar Palla og eftir eilífð að virðist, tekur sprungan enda. Eftir tæpa hliðrun, tekur ofar við léttara klifur að góðri syllu og öruggum megintryggingum. Öðrum áfanga er lokið.

Þegar Páll kemur upp til mín, fáum við okkur góða matarpásu, enda orðnir vel hungraðir. Við njót-

um þess til fullnustu að dvelja á syllunni, enda veður gott, sól en talsverður vindur. Forvitnir fýlar sveima hjá en stórkostleg útsýn yfir Suðursveit og jökulbreiður Öræfajökuls heillar meira.

En klifrinu er ekki lokið. Eftir er þriðja spönnin, síðasti áfanginn. Hún er nokkru léttari en hinar tvær, allerfið þó fyrir þreyttar hendur. Í fyrstu fylgir hún víðri sprungu í bröttu horni, en ofar léttist hún. Þar verður berg aftur laust í sér og brotið og því mjög varasamt. Verður því klifrið hægfara af þeim sökum.

Að lokum tekur hún enda og uppi á brún stöndum við báðir 5 1/2 klst. eftir að lagt var af stað. Við erum sælir er við höldum niður af fjalli, eftir skamma stund á nöfinni. Sælir yfir loknu verki, stífum skrokk af þreytu og blóðrisa og bólgnum handarbökum, því þrátt fyrir allt er tilganginum náð.

*Í stuttu máli:* Fallastakkanöf í Borgarhafnarfjalli. Leiðin Orgelpípunar: 5.10,5.10,5.9 hæð 90 m. Tími 5 1/2 klst. Önnur uppferð 22. apríl 1987. Páll Sveinsson og Snævarr Guðmundsson.